

Aðalfundur Landssambands heilbrigðisstofnana

haldinn í Nauthól fimmtudaginn 14. nóv 2019 kl. 11.00

Dagskrá:

Guðný Friðriksdóttir formaður sambandsins bauð gesti velkomna og setti aðalfund. Sjúkrahúsið Vogur sem er nýr aðili í sambandinu boðinn velkominn.

1. Kosning fundarstjóra. Lilja Stefánsdóttir.

Kosning fundarritara. Anna María Snorradóttir.

2. Skýrsla formanns og stjórnar. Guðný Friðriksdóttir gerði grein fyrir störfum stjórnar sl. ár. Aðalmálefni sambandsins eru aðalfundur og málþing og síðan vorfundir. Guðný tilkynnti framboð sitt til formanns næsta árið. Lilju Stefánsdóttur sem gengur úr stjórn voru þökkuð góð störf fyrir LH.
3. Reikningar Landssambands Heilbrigðisstofnana. Jónas Guðmundsson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum. Sambandið stendur ágætlega. Vegna breyttra reglna um reiknisskil félaga var leitað til bókaldsfyrirtækisins Bókhalð og kennsla. Reikningar samþykktir.
4. Árgjald næsta árs. Tillaga um óbreytt árgjald samþykkt.
5. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Með sama hætti og fyrra ár.
6. Lagabreytingar. Engar tillögur hafa borist.
7. Kosning stjórnarmanna.
 - a. Formaður: Guðný Friðriksdóttir kosin með lófataki í eitt ár.
 - b. Aðalmenn: Ólafur Baldursson, Landspítala kosinn til 2ja ára. Aðrir aðalmenn í stjórn eru Margrét Grímsdóttir HNLFI og Jónas Guðmundsson frá HH og Pétur Heimisson HSA.
 - c. Varamenn í stjórn eru Anna María Snorradóttir HSU, Ásgeir Ásgeirsson HVE og Fjölur Guðmundsson HSS.

Kosning skoðunnarmanna til eins árs:

Helgi Kristjánsson og Guðmundur Magnússon aðalmenn og Elís Reynarsson til vara.

8. Önnur mál.

- Lilja Stefánsdóttir kynnir tillögu stjórnar LH um að halda næsta vorfund í Færeyjum í tilefni af 10 ára afmæli LH. Ef fundurinn er haldinn fyrir 1. maí er einungis flogið x 2 í viku en eftir 1. maí er flogið á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Fundargestir lýstu áhuga á að hafa fundinn í maí og taka þá miðvikudag til föstudags fyrir fundinn. Eftirfarandi tillaga kom fram: Komið til Færeyja um hádegi. Skoðunarferðir e.h. á miðvikudag. Vorfundurinn á fimmtudag og borðað saman um kvöldið. Brottför heim á föstudag. Ýmsar tillögur komu fram varðandi málefni sem mætti ræða við Færeyinga, s.s. innleiðingu rafrænnar

sjúkraskrár, vandamál við mönnun sérfræðinga, sameingingar heilsugæslu, sjúkrahúsa og lyfjaframleiðslu.

Rætt um að LH styrki þáttakendur til fararinnar með einhverjum hætti en nánari útfærsla verður kynnt síðar. Gert er ráð fyrir að stofnanir sjái sjálfar um að panta flug og hótél fyrir sitt fólk.

Stjórn LH er falið að leggja til tíma og fyrirkomulag og senda stofnunum skýra tillögu.

Samþykkt. Samhljóða

Fundi slitið kl. 11.30

Fundargerð ritaði Anna María Snorradóttir

